

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 21. febrúar 2019 | 7. tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

ARNARHRAUN 11



135,7 m² 45,9 millj. kr.

Falleg 3ja-4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr á fyrstu hæð í litlu fjölbýlishúsi, einungis 5 íbúðir, vel staðsett með yfirbyggðar svalir.

LANGEYRARVEGUR 7



53,6 m² 27,9 millj. kr.

Vel skipulögð 2ja herbergja neðri hæð í tvíbýli með sérinngangi. Verönd, útiskúr. Frábær staðsetning og stutt í alla helstu þjónustu.

ÖLDUTÚN 12



83 m² 32,9 millj. kr.

Hraunhamar kynnir þriggja herbergja íbúð í litlu fjölbýlishúsi. Góð staðsetning, stutt í skóla. Barnvænt hverfi. Yfirbyggðar svalir.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



Vetrarfrí í skólum

Frítt í sund fyrir börn og fulloröna

Árlegt vetrarfrí í grunn-skólum Hafnarfjarðar og Tónlistarskólanum er í dag og á morgun. Frítt er í sund þessa daga og Bókasafnið býður

upp á bókabíó þar sem kvikmyndin um Ronju Ræningjadóttur verður sýnd, rit-smíðju fyrir 8-12 ára og spila-fjör með Spilavinum. Hljóð-

listasmiðja fyrir 7-11 ára börn verður í Hafnarborg og ratleikur í Byggðasafninu svo eitthvað sé nefnt.



Í „vetrarfrí“ á tónleikum fengu Pollapönkarar sér heitt te til að hressa sig á milli laga.



TÖLVUÞJÓNUSTA

Alhliða tækniþjónusta fyrir þitt fyrirtæki

546 6000

Firði, Fjarðargötu 13-15



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Opíð kl. 8-17 virka daga



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

GEFÐU NÚNA



endpolio.org

Rotary
á Íslandi



SKRIFUM SAMAN
SÖGUNA
ÚTRÝMUM
LÖMUNARVEIKI

END
POLIO
NOW

www.rotary.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 24. febrúar

KONUDAGURINN

Tónlistar- guðspjónusta kl. 11

Kvennakór Hafnarfjarðar
syngur undir stjórn
Ernu Guðmundsdóttur.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og fræðandi dagskrá.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 24. febrúar

Barna- og fjölskyldumessa kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

FH-Bose besta götuhlaupið

Hlauparöð FH og Bose var valið besta götuhlaup Íslands árið 2018 en hlaup.is stóð fyrir kosningu meðal þátttakenda. Þetta er mikil viðkurkenning fyrir hlauparöðina en hlaupaleiðin er í miðbænum meðfram strandlengjunni, framhjá Hrafnistu og Norðurvangi og til baka. Hlaupið er síðasta fimmtudag í janúar, febrúar og mars og er vandað til hlaupsins með góðri brautarvörslu, aðstöðu og fl. og hefur Origo, umboðsaðili Bose á Íslandi lagt mikið í til að gera umgjörðina sem skemmtilegasta og glæsileg verðlaun.

Skákar hlaupið þá m.a. Reykjavíkumaraþoni og fleiri hlaupum en Akureyrarhlaup Íslenskra verðbréfa og Átaks varð í 2. sæti og Icelandair hlaupið í 3. sæti. Hlaupahópur FH, sem er einn stærsti hlaupahópur landsins stendur að hlaupinu en það er 5 km langt.

Sjá nánar og myndir frá hlaupinu á fjardarfrettir.is



HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 24. febrúar

Konudagsmessa og sunnudagaskóli kl. 11

Sr. Stefán Már Gunnlaugsson þjónar.
Karlakórinn Prestir syngur
undir stjórn Árna Heiðars Karlssonar.
Súpa á eftir. Verum öll hjartanlega velkomin.

Þriðjudagur 26. febrúar

Útgáfutónleikar Guðmundar Sigurðssonar organista kl. 12.15

Miðvikudagur 27. febrúar

Morgunmessa kl. 8.15

Fimmtudagur 28. febrúar

TTT starf (10-12 ára) kl. 17

Aðalfundur Kvenfélags Hafnarfjarðarkirkju kl. 20

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 24. febrúar

Sunnudagaskóli kl. 11

Lofgjörðar- og íhugunar- stund, Mála líf mitt kl. 17

Mánudagur

Barna- og unglingastarf

www.astjarnarkirkja.is



leidarinn

Lýðræði er oft á tíðum flókið fyrirbæri. Við kjósum fólk til löggjafarþings sem síðan velur fólk til framkvæmdavalds án aðkomu þegnanna. Við kjósum fulltrúa bæjarbúa í bæjarstjórnir en svo er án nokkurs lagagrundvallar skipt í minni- og meirihluta. Ofan á þetta eru svo búin til ýmis ráð til að láta líta út að samráð sé haft við íbúana. Allt í einu eru nokkrir einstaklingar orðnir fulltrúar kjósenda án þess að tryggt sé að þeir hafi yfir höfuð samráð við þá. Í dag höfum við m.a. ungmennaráð og öldungaráð sem á að tala fyrir hönd ákveðinna aldurshópa í bæjarfélaginu. Hvernig er það hægt? Hafa heilu aldurshóparnir sömu skoðun? Þarna er búið að búa til nýtt lýðræði sem ekki lýtur neinum leikreglum og alls ekki tryggt að þeir spegli skoðanir þeirra hópa sem þeir eiga að vera fulltrúar fyrir.

Auðvitað er gott að hópar taki að sér að gæta hagsmuna bæjarbúa en slíkt getur vart verið merkilegra en skoðun hvaða hóps sem er. Því er mikilvægt að samráð við íbúa sé eins beint og hnitmiðað og hægt er og gott upplýsingaflæði og vandaðar og vel fram settar upplýsingar séu aðalsmerki stjórnsýslunnar.

Í drögum að reglum fyrir öldungaráð segir m.a.: „Áhersla á hverskyns samráð og samvinnu við notendur hefur rutt sér til rúms innan velferðarþjónustunnar. Talið er mikilvægt að notendur eigi slíkan vettvang þar sem valdefling sé höfð að leiðarljósi; fólk verði þannig virkir þátttakendur í mótun á þeim úrræðum og þjónustu sem því stendur til boða.“

Það tryggir ekki valdeflingu að hafa ungmenna- og öldungaráð þegar það er aðeins framlenging á stjórnmalunum. Það er hins vegar afar fallett að geta sagt frá slíkum samráðshópum út á við og láta líta út að vilji til samráðs sé einlægur hjá stjórnmalamönnum.

Slíkt er því miður ekki raunveruleikinn, því þá væri búið fyrir lífandi löngu að bæta upplýsingaflæði og aðgengi að upplýsingum og skapa samráðsgáttir sem væru sveigjanlegar og hægt að aðlaga að því málefni sem væri til umræðu hverju sinni.

Mikilvægt er að allir geti haft milliliðalausa aðkomu að stjórnkerfinu og geti komið skoðunum sínum á framfæri og fólki leiðbeint hvað þurfi svo hægt sé að taka athugasemdir til greina.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Glæsileg sýning 10. bekkinga

Söngleikurinn Fútlúz dró að sér 1.700 áhorfendur á einni helgi í Víðistaðaskóla

Húsfyllir var á allar fimm sýningar á söngleiknum Fútlúz um helgina í Víðistaðaskóla og mættu um 1700 manns. Gleði og gaman ríkti og auðsætt að krakkarnir höfðu lagt alúð við að gera þetta sem skemmtilegast.

Allir í 10. bekk koma að sýningunni á einn eða annan hátt, þ.e. við auglýsingar, lýsingu, hljóð, sviðsmynd, sjoppu og auðvitað sjálfa uppfærsluna. Fjölmargir stíga þarna sín fyrstu skref á sviði. Þarna eru söngvarar, dansarar, hljóðfæraleikarar og fleira og fleira.

Leikstjóri sýningarinnar var Gunnella Hólmarsdóttir, tónlistarstjóri Andrés Þór Þorvarðarson og söngþjálfari Jóhanna Ómarsdóttir. Með aðalhlutverk fóru þau Andrea Marý Sigurjónsdóttir,



Birkir Ólafsson, Birkir Snær Brynleifsson, Egill Magnússon og Urður Vala

Guðmundsdóttir. Árlega setja nemendur Víðistaðaskóla upp stóra sýningu.



Ljóm.: Kristjana Þ. Ágnesdóttir

Gríðarleg stemmning og troðfullt hús



Það var enginn svikinn sem fór á Pollalúðrapönk tónleika Pollapönks, Kórs Öldutínsskóla og Lúðrasveitar Hafnarfjarðar. Stemmningin var mögnuð í íþróttahúsinu við Strandgötu. – Myndir frá tónleikunum má sjá á www.fjardarfrettir.is

Fá 25% afslátt á gatnagerðargjöldum

Byggja 13 íbúðir á gamalli einbýlishúsalóð

Bæjarráð lagði til við bæjurstjórn að verða við beiðni GG verks ehf. um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum vegna byggingaframkvæmda að Stekkjarbergi 9.

Töluverðar deildur urðu þegar samþykkt var nýtt deiliskipulag fyrir þessa lóð, en þarna í hraunkantinum á vernduðu Stekkjarhrauninu stóð lítið einbýlishús. Þar átti fyrst að byggja risastórt einbýlishús en fjármálahrunið gerði út um slíkar fyrirætlanir.

Leyfi fékkst til að byggja á þessari um 6.700 m² lóð 2 fjögurra íbúða raðhús, eitt þriggja íbúða raðhús og eitt parhús, samtals 13 íbúðir ásamt fristandandi bílskúrum.

Í tillögum bæjarráðs er lóðarhafa veittur 25% afsláttur á gatnagerðargjaldi en ekki er greitt byggingartargjald þar sem lóðin er eignarlóð.

Samkomulag er um að eignarhald á lóðinni færist til Hafnarfjarðarkaupstaðar og gerðir verði lóðarleigusamningar vegna húsanna.

ENGAR VIÐMIÐUNARREGLUR

Í samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfirði segir m.a.: „Heimilt er að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum við sérstakar aðstæður svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.“

Í samtali við Fjarðarfréttir segir Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs aðspurður ekki vera til neinar viðmiðunarreglur um afsláttinn og hann metinn hverju sinni.

Stefna bænum vegna lóðarstærðar

Eigendur Stekkjarbergs 11 hafa stefnt Hafnarfjarðarbæ fyrir dómi og gera þær dómkröfur að viðurkennt verði að stærð lóðarinnar nr. 11 við Stekkjarberg afmarkist af girðingu sem sett var upp árið 1957 í kringum lóðina.

Segir í stefnu að í afsali frá 1953 hafi lóðin verið skilgreind 3.000 fermetrar en árið 1957 hafi lóðin verið girt í samvinnu og samráði við seljanda landsins. Var hin afgirta lóð all nokkuð stærri en skilgreinda lóðin og var hún öll nýtt og ræktuð upp með trjágróðri. Tilheyrið jörðin þá Garðahreppi en

upphaflega var landið keypt úr landi Setbergs og nefndist landið Skálalberg.

Landið féll svo undir Hafnarfjörð árið 1978 og var á skipulagi sýnt í þeirri stærð sem girðingin var. Það var ekki fyrr en um 1995 sem lóðin er sýnd minni á gögnum Hafnarfjarðarbæjar en sú breyting hafði verið gerð án samráðs við eigendur lóðarinnar.

Telja lóðareigendur að hefð sé komin á eignarhaldið skv. lögum og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi engin svör fengist frá Hafnarfjarðarbæ og því neyðast eigendur til að stefna Hafnarfjarðarbæ.



Gamla húsið að Stekkjarbergi 9 rífið árið 2007

Ljóm.: Guðni Glásson

Grunnskólanemendur buðu öfum og ömmum á þorrablót

Þorrablót grunnskólans NÚ mjög fjölmennt og vel heppnað

Hann var þéttsetinn hátíðarsalur Haukahússins á föstudaginn er grunnskólinn NÚ stóð fyrir þorrablót. Þó nemendur séu ekki nema um 60 þá voru gestir á þorrablótinu vel yfir 200 en nemendur buðu foreldrum, systkinum, afa og ömmu og fleirum enda var þorrablótíð fjáröflun nemenda.

NÚ býður upp á nám fyrir 8.-10. bekinga sem fá tækifæri til að samtvinna íþróttaáhuga sinn og grunnskólanám. Beitt er nútímataekni og nýjum kennsluáðferðum þar sem nemendum er veitt frelsi til að nálgast námið á eigin forsendum.

Nýverið flutti skólinn í nýtt húsnæði á horni Reykjavíkurveggar og Flatahrauns sem var innréttað sérstaklega fyrir skólann.

Stemmningin var góð á þorrablótinu og tóku gestir hraustlega til matar síns svo ekkert varð eftir. Fjórir nemendur fluttu minni kvenna og minni karla þar sem tekið var á staðalmynd kynjanna og óspart gert grín að hinu kyninu um leið og því var hrósað í hástert.

Ólafur Stefánsson, sem leiðbeinir við skólann, skemmti mönnum með




Fjórir nemendur fluttu minni karla og kvenna frammi fyrir troðfullum salnum. Hér flytur Viktor Sigurðsson minni kvenna.



María Vilhjálmssdóttir



Jónas Bjartmar Jónasson



Hildur Óskarsdóttir

trommuslætti og kyrjaði söngva. Þáttakendur dónsuðu svo um salinn og sungu sönginn um Ólaf liljurós.

Gísli Rúnar Guðmundsson skólastjóri var hæstánægður með kvöldið í samtali við Fjarðarfréttir og var stoltur af sínum

nemendum. Sagði hann mætingu vel umfram væntingar og hafi þurft að bæta borðum við svo allir kæmst fyrir.

Orlofsnefnd Húsmæðra í Hafnarfirði



auglýsir kynningar- og skráningarfund vegna orlofsferða á árinu 2019.

Fundurinn veður haldinn í Hraunseli þriðjudaginn 26. febrúar kl. 16.30

Í ár ætlum við að bjóða uppá 3 ferðir:

Ferð til Noregs, Bergen 14.-18 maí
Ferð til Norður Frakklands 16.-31. október
Jólaferð til Edinborgar 22.-26. nóvember

Rétt til þess að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Upplýsingar um ferðirnar er hægt að fá í síma orlofsnefndar, 623 9443.

Einnig er hægt að senda póst á hafnarfjardarorlof@gmail.com

Orlofsnefndin.



Ólafur Stefánsson fékk öflugan keppnaut í trommuslættinum.

Íslandsmeistari í fimmtarþraut

Frjálsíþróttakonan úr FH, María Rún Gunnlaugsdóttir sigraði í fimmtarþraut kvenna á Meistaramóti Íslands í fjölþrautum sem haldið var um síðurstu helgi og fékk hún 3927 stig.

Íslandsmeitið á Helga Margrét Þorsteinsdóttir og er það 4298 stig.

María Rún hljóp 60 m á 8,76 sek., stökk 1,66 m í hástökki, kastaði kúlu 11,65 m, stökk 5,68 m í langstökki og hljóp 800 m á 2,24.04 mín. Sigraði hún í öllum greinum nema í kúlurpari þar sem hún varð í þriðja sæti.

Í sjöþraut karla varð Ísak Óli Traustason UMSS Íslandsmeistari með 5344 stig.



Ljóm: Gunnlaugur A. Júlíusson



Á DÖFINNI

Hafnarborg

Í Sverrissal stendur yfir sýningin Umrót, sýning Mörtu Marlu Jónsdóttur á verkum sínum sem eru á mörkum teikninga og málverks. Í aðalsal safnins er sýningin Hljóðön, sem fagnar fimm ára starfsafæli samnefndar tónleikaraðar.

Rótarýdagurinn

Rótarýdagurinn er haldinn á laugardaginn þar sem áhersla er lögð á baráttu Rótarý gegn lómunarveiki. Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar verður með opinn kynningarfundir í Turninum Firði **kl. 12-13 á laugardaginn** þar sem Rótarýhreyfingin og klúbburinn verður kynntur auk þess sem upplýst verður um baráttu hreyfingarinnar gegn lómunarveikinni, Polio-plus verkefnið. Einnig verður skiptinestarf Rótarý kynnt. Boðið upp á súpu og brauð. Allir velkomnir.

Veistu svarið?

Setbergsskóli og Víðistaðaskóli keppa til úrslita í spurningakeppni grunnskóla Hafnarfjarðar. Setbergsskóli hafði sigrað lið Öldutúnnsskóla og Víðistaðaskóli hafði sigrað lið Áslandsskóla. Verður viðureignin í Bæjarbíói miðviku-daginn **27. febrúar og hefst keppni kl. 20.**


Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skortir vilja til þess að hækka frístundastyrkinn?

Öll börn og ungmenni eiga rétt á því að stunda skipulagt íþrótta- og tómstundastarf óháð efnahag. Þess vegna hafði Samfylkingin forystu um að Hafnarfjörður varð fyrsta sveitarfélagið til að setja á fót frístundastyrk fyrir börn og ungmenni árið 2002. Mjög mörg sveitarfélög hafa síðan fylgt í kjölfarið og nú hefur hróður frístundastyrksins náð út fyrir landsteinana því nýlega bárust fréttir af áhuga ríkisstjórnar Noregs. Það er einnig ánægjulegt að kerfið hefur haldið áfram að þróast og nú geta eldri borgarar einnig sótt um frístundastyrk sem ætlað er að styðja við bakið á þeim í íþrótta- og tómstundastarfi.

ÁKVÖRDUN FRÆÐSLURÁÐS SNÚIÐ VIÐ Í BÆJARSTJÓRN

Mikilvægt er að styrkurinn haldi í við verðlagsþróun iðkendagjalda og hafnirsk börn og ungmenni eiga a.m.k. að standa jafnfætis börnum og ungmennum í öðrum sveitarfélögum. Þess vegna lagði Samfylkingin til hækkan frístundastyrksins við gerð síðustu fjárhagsáætlunar. Tillögunni var vísað til umsagnar í fræðsluráði. Fræðsluráð samþykkti einróma 6.000 kr. hækkan á ársgrundvelli. Við síðari umræðu um



Árni Rúnar Þorvaldsson

Sigrún Sverrisdóttir

fjárhagsáætlun hafði meirihluta bæjarstjórnar hins vegar snúið hugur og var tillögunni snúið aftur til fræðsluráðs vegna ófullnægjandi undirbúnings að mati meirihlutans. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar mótmæltu þessum vinnubrögðum enda væri þá engin trygging fyrir því að hækkanin tæki gildi á þessu ári sem var markmið tillögunnar.

JAFN AÐGANGUR MIKILVÆGUR

Frá þeim tíma hefur málið velkst um í bæjarkerfinu. Fræðsluráð vísaði málinu til umsagnar í fjölskylduráði sem frestaði ákvörðun fram á mitt ár. Þessi vinnubrögð eru ekki traustvekjandi og fólk spyr sig í framhaldinu hvers virði ákvarðanir fræðsluráðs eru þegar afdrif þeirra eru með þessum

hætti í bæjarstjórn. Málsmeðferð meirihlutans á þessari einföldu tillögu Samfylkingarinnar hefur því miður einkenst af hringlandahætti og töfum. Óneitanlega læðist sá grunur að okkur að pólitískur uppruni tillögunnar sé undirrot tafa og hringlanda meirihlutans. Það er afar dapurt ef tillögur í bæjarstjórn eru meðhöndlaðar á þessum forsendum af meirihluta bæjarstjórnar á hverjum tíma. Samfylkingin leggur áherslu á jafnan aðgang barna og ungmenna að skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi og að hækkan frístundastyrks taki gildi á þessu ári.

Sigrún er fulltrúi Samfylkingarinnar í fræðsluráði. Árni Rúnar er fulltrúi Samfylkingarinnar í fjölskylduráði.

FJARÐARBÓN
KAPLAHRAUNI

Alþrif
Bryngljái

Tímappantanir í síma
5653232
KAPLAHAUNI 22

Ráðuneytið segir nei

Í ágúst 2018 vakti fjölskylduráð athygli á þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er í dagdvalarmálum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Á þessum tíma voru um 30 manns á biðlista eftir dagdvöl í Drafnarhúsi og biðtími eftir plássi var langur. Fjölmíðlar tóku upp bókun fjölskylduráðs og var fjallað um stöðuna í málefnum fólks með heilabilunarsjúkdóma út um allt land. Stjórn-málamenn, aðstandendur og fagfólk tók þátt í umræðunni, hvort sem var í viðtalsþáttum í Ljósavakamiðlum, viðtölum í blöðum eða með aðsendum greinum. Það var því von okkar að eitthvað færi að gerast í þessum málum.

Hér í Hafnarfirði ákvað fjölskylduráð að stofna starfshóp sem hafði það eina verkefni að finna húsnæði sem væri hentugt fyrir dagdvöl. Niðurstaða starfshópsins var sú að Hafnarfjarðarbær tæki á leigu hluta af Drafnarhúsi. Í því húsi er nú þegar rekin dagdvöl og er rými fyrir 22 einstaklinga. Viðbótar-rýmið sem áætlað var að taka á leigu væri þá fyrir 10-12 einstaklinga til viðbótar og mundi það stytta biðlista eftir plássi í Drafnarhúsi.

Vert er að taka fram að sveitarfélögum ber ekki skylda til að útvega húsnæði

fyrir slík úrræði en Hafnarfjarðarbær ákvað samt sem áður að fara í þá vinnu, þar sem vandinn er mikill.

Í lok árs 2018 var biðlisti eftir rými í Drafnarhúsinu ekki eins langur og hann var í sumar. Núna eru um 20 á biðlista í svokölluðum forgangi 1. Það eru samt alltof margir.

Í nóvember var sent bréf á heilbrigðisráðuneytið og óskað eftir fjármagni til reksturs þessara dagdvalarrýma. Í desember kom svar frá ráðuneytinu og það var einfalt.

Erindinu var hafnað þar sem ekki var gert ráð fyrir þessu í fjárlögum. Við sendum annað bréf í janúar 2019 og fengum sama svar, erindinu var hafnað.

Núna í febrúar 2019 verður enn og aftur sent bréf þar sem óskað verður eftir að forgangsráðuneytisins verður endurskoðuð. Biðlistar eftir dagdvalarrýmum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma hafa ekki bara áhrif á þá einstaklinga sem eru á biðlistum, þeir hafa einnig mikil áhrif á nánustu aðstandendur, fjölskyldu og vini.

Ég vona að heilbrigðisráðuneytið endurskoði ákvörðun sína og leggi fjármagn í þetta verkefni.

Höfundur er formaður fjölskylduráðs



Valdimar Víðisson

Félagslegt hús-næði í Hafnarfirði

Í lok janúar skrifaði Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs og oddviti Framsóknar og óháðra grein í Fjarðarfréttir um fjölgun á félagslegu húsnæði hér í Hafnarfirði. Við Ágúst Bjarni erum sammála því að fjölgun félagslegs húsnæðis er eitt af brýnustu verkefnum hér í Hafnarfirði nú um stundir. Griðarleg þörf hefur myndast á síðustu árum og henni þarf að mæta eins hratt og mögulegt er.

VEIGAMIKLUM ÞÆTTI VILJANDI SLEPPT

Það er rétt að fjölgun félagslegs húsnæðis hér í bæ var hæg á árunum 2009-2016. En hver skyldi meginástæða þess hafa verið? Ástæða sem Ágúst Bjarni velur að sleppa í umfjöllun sinni. Yfir íslenskt samfélag reið fordæmalaus efnahagskreppa. Hafnarfjörður eins og flest önnur sveitarfélög lenti í fjárhagslegum erfiðleikum. Meirihluti Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sem sat við völd á árunum 2010-2104 hefði svo sannarlega viljað fara í ríka og veg-

lega uppbyggingu á félagslegu húsnæði ef hann hefði verið í færum til þess. Í veg fyrir það kom fjárhagsstaða bæjarfélagsins sem var tilkomin vegna hrunsins.



Friðþjófur Helgi Karlsson

MEIRIHLUTINN MÓTFALLINN HRAÐARI UPPBYGGINGU

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn fram tillögu um að setja meira fé í kaup á félagslegu húsnæði í bæjarfélaginu. Það er skemmst frá því að segja að fulltrúi Framsóknar og óháðra, Ágúst Bjarni, hafnaði þeirri tillögu ásamt fjölgum sínum í meirihlutanum. Með samþykki tillögunnar hefði verið hægt að fara í hraðari uppbyggingu á félagslegu húsnæði og mæta enn fleiri fjölskyldum sem margar hverjar eru í brýnni þörf og biðlistar hafa aldrei verið lengri.

Það var vond pólitísk ákvörðun hjá meirihlutanum að hafna þessari tillögu. *Höfundur er bæjarfulltrúi.*

Ungmennahús opnað í gömlu Skattstofunni


Ungmennin, 16-25 ára munu sjálf móta starfsemina

Í síðustu viku var nýtt ungmennahús kynnt fyrir starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar og fleirum. Ungmennahúsið er að Suðurgötu 14, í gamla Skattstofuhúsinu. Nýttir ungmennahúsið rúmlega helming að 2. hæðinni sem er jarðhæð frá Suðurgötu.

Töluverða vinnu þurfti til að aðlaga húsnæðið að þörfum ungmennanna, veggir voru rifnir, aðrir settir upp, málað og ný gólfefni lögð en húsinu er ætlað að fylla það tómarúm sem myndaðist þegar Gamla bókasafnið og síðar Húsið í Staðarbergi hvarf úr rekstri fyrir þennan hóp. Er húsið ætlað

móta starfið undir handleiðslu góðs fólks.

Ungmennaráð Hafnarfjarðar hefur þrýst á opnun slíks húss og bókaði m.a. á fundi sínum 23. janúar 2018 eftirfarandi: „Við teljum að það þurfi ungmennahús í Hafnarfirði og að skattstofan sé tilvalin staður í það. Skattstofan er miðsvæðis og auðvelt að koma í strætó. Það þyrfti starfsmann sem sér einungis um ungmennahúsið. Við hvetjum fræðsluráðið til að breyta Húsinu í ungmennahús og viljum við í ungmennaráði taka þátt í að koma með hugmyndir í uppbyggingu þess. Væri



John Friðrik Bond Grétarsson verkefnisstjóri hússins.

sögnum frá skólastjórum og nemendaráðum framhaldsskóla í bænum, fá mat á sambærilegri starfsemi í öðrum sveitarfélögum og reynsluna af ungmennahúsi, Gamla bókasafninu/Húsinu í Hafnarfirði. Einnig hvernig umsjón og rekstri yrði háttáð og mat á kostnaði.

Hugmyndin er nú orðin að veruleika og verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig húsnæðið verður nýtt og hversu margir munu koma til með að nýta það en einkum er horft til þeirra sem ekki eru í skipulögðu tómstundastarfi.



Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar og fl. kynntu sér aðstöðuna.

ungmennum 16-25 ára

John Friðrik Bond Grétarsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri ungmennahússins en hann hefur verið með í að móta húsnæðið og starfsemina sem þar verður. John er með tómstunda- og félagsmálafræðimenntun og starfaði síðasta ár sem tómstunda- og æskulýðsfulltrúi í Vogum. Hann hefur þróað fyrir ungan aldur langa reynslu af stöfum með unglingum, m.a. í félagsmiðstöðvum hjá Hafnarfjarðarbæ.

STARFSEMI HÓFST SÍÐASTLIÐINN MÁNUDAG

Starfsemi hófst í húsinu á mánudag en það eru ungmennin sjálf sem munu

frábært að fá endurgjöf frá fræðsluráði.

Fræðsluráð fól svo fræðslustjóra strax í febrúar sama ára að greina þörf á stofnun ungmennahúss, óska eftir um-



Aðstaðan er góð í björtu húsnæði við Suðurgötuna.

Hrafnista vill samstarf um þjónustumiðstöð fyrir aldraða

Lagt til að rekin verði þjónusta-/félagsmiðstöð við Hrafnistu

Hrafnista hefur sent Hafnarfjarðarbæ erindi og óskað eftir samstarfi. Á Hrafnistu við Hraunvangur rekur Sjómannadagsráð rúmlega 200 hjúkrunar- og dvalarrými ásamt 26 dagvistarýmum auk þess sem um 110 íbúðir fyrir aldraða eru í næsta nágrenni við Hrafnistu.

Til að mæta aukinni þörf fyrir aðstöðu aldraða í Hafnarfirði og nágrenni hyggst Sjómannadagsráð ráðast í stórar fjárfestingar á næstu tveimur áratugum en í því felast einnig endurbætur á núverandi húsnæði Hrafnistu og breytingar en markmiðið er að endurnýja húsnæðið í samræmi við

nútíma kröfur í öldrunarþjónustu. Áætlað er að það ferli taki 10-12 ár og kosti 3-4 milljarða króna.

Fyrirhugað er að byggja um 120 nýjar leigubúðir á lóðinni við Hrafnistu og veita þeim aðgang að þjónustu og félagsstarfi í samstarfi við Hrafnistu.

Í tengslum við þessa miklu uppbyggingu viðrar Sjómannadagsráð þá hugmynd við Hafnarfjarðarbæ að komið verði á fót þjónustu-/félagsmiðstöð fyrir aldraða á lóðinn. Væri þá hægt að samnýta ýmsa þjónustu. Í erindinu er óskað eftir fundi með bæjarstjóra til að ræða frekar samstarf um

þjónustu við aldraða á lóð og nágrenni Hrafnistu.

Erindi var til umræðu í fjölskylduráði þar sem sviðsstjóra var falið að skoða

málið og kanna möguleika á samstarfi auk þess sem erindi var sent til umsagnar í öldungaráði.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

22. feb. kl. 19.30, Digranes

HK - FH U, I. deild karla

22. feb. kl. 20.30, Austurberg

ÍR U - Haukar U, I. deild karla

24. feb. kl. 16.30, Ásvellir

Haukar - Gróttá, úrvalsdeild karla

24. feb. kl. 19.30, Kaplakriki

FH - ÍR, úrvalsdeild karla

26. feb. kl. 18, KA heimili

KA/Þór - Haukar, úrvalsdeild kvenna

27. feb. kl. 20, Kaplakriki

FHU - ÍR U, I. deild karla

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Valur: (miðv.dag)

Haukar - Stjarnan: 22-23

FH - Gróttá: 27-23

ÚRSLIT KARLA:

Afturelding - FH: 26-29

KÖRFUBOLTI:

27. feb. kl. 19.15, KR heimili

KR - Haukar, úrð. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Skallagrímur - Haukar: (miðv.dag)

KNATTSPYRNA:

22. feb. kl. 20, Akraneshöllin

ÍA - FH, bikarkeppni kvenna B

25. feb. kl. 19.30, Digranes

HK - FH U, I. deild karla

ÚRSLIT BIKARKEPPNI KARLA:

Keflavík - FH: (miðv.dag)

Víkingur R. - FH: 2-3

Keflavík - Haukar: 2-0

sport@fjardarfrettir.is

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

fritt söluverðmat | sanngjörn sölubókun | fagljósmyndari

domus
FASTEIGNASALA

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson

löggtur fasteignasali

as@domus.is | gsm 896 6076



Domus fasteignasala - Firði, verslunarmiðstöð, 5. hæð (norðurturn)

220 Hafnarfjörður - sími 440 6013 - www.domus.is

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a
Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.

Gullnámán

Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Sex íbúða kjarni fyrir fatlaða rís við Öldugötu

HBH Byggir ehf. átti lægsta tilboð í alútbóði í byggingu íbúðakjarna við Öldugötu 45 og fékk tillagan bestu umsögn matsnefndar. Erverksamningur upp á 152,6 milljónir króna. HBH Byggir ehf. mun hanna, byggja og fullgera húsnaðið

ásamt lóð og skila því fullbúnu til notkunar. Byggð verða sex sérbyli sem hvert um sig er um 50 m² að stærð ásamt 23 m² starfsmannaaðstöðu og um 20 m² sameiginlegu rými. Eru íbúðirnar á 1.904,3 m² lóð á mótum Öldugötu og Bröttu-

kinnar. Öll sérbylin eru hönnuð samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar en í því felst að hanna góðar lausnir með jafnrétti og vellíðan alls fólks í fyrirrými. Heimilin íbúðafélag hses. er verkkaupi og fá íbúðirnar afhentar í febrúar 2021.

**Glæsilegt
kvöldverðarhlaðborð
aðeins 3.990 kr.**

上海 酒店

SHANGHAI

Reykjavíkurvegi 74, sími 517 9688
sjanghae.is | facebook.com/sjanghae

Inn- brotum fækkar

Aðeins var tilkynnt um 73 innbrot/þjófnaði í janúar á svæði lögreglustöðvar 2 sem sinnir Hafnarfirði og Garðabæ. Voru innbrotin 10 í desember og hefur innbrotum fækkað mikið á síðasta ári. Er þetta jákvæðari niðurstaða en á öðrum svæðum á höfuðborgar-svæðinu.



Innbrot á síðasta ári voru 1136 og voru flest innbrot í nóvember, 146, en fæst í apríl, 75. Í janúar sl. voru innbrotin hins vegar 73 talsins eins og áður sagði. Oftast var farið inn á heimili, 498 sinnum en 378 sinnum inn í bíla.

Mikil fækkun hefur verið á hegningarlagabrotum og þjófnumum á síðasta ári en þetta kemur fram í lykiltölum lögreglunnar sem birtar voru í vikunni.

Mikil fjölgun hefur hins vegar verið á meiriháttar skemmdarverkum á svæðinu síðustu sex mánuði.

BOSE

COMPRESPORT
VERNO MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY

**BESTA
GÖTUHLAUPIÐ 2018**

**BOSE
HLAUPIN 2019**

Næsta hlaupaveisla er 28. febrúar
Skráning á hlaup.is

.or!go.

AUGLÝSINGAR
Náðu til Hafnfirðinga
sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is